

af kröfum stefnda Eggert Claessen f. h. Leonh. Tang & Sön á Ísafirði í þessu máli. Málskostnaður fyrir bæjarþingi og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. nóvember 1916.

Nr. 51/1915.

H. Söbstad

gegn

Valdemar Thorarensen

f. h. T. Bakkevig.

#### D ó m u r :

Mál þetta var í héraði rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalsökina höfðaði Stefndi V. Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig útgerðamanns á Siglufirði fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn áfrýjanda H. Söbstad útgerðamanni á Siglufirði, en áfrýjandi gagnsökina á hendur stefnda. Lauk þessum málum með dómi gestaréttarins uppkveðnum 16. júlí f. á., svo, að áfrýjandi var í aðalsökinni dæmdur til að greiða stefnda 14058 kr. 36 aura með 5% ársvöxtum frá 3. ág. 1911 til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og kostnað í báðum málunum skyldi áfrýjandi greiða stefnda með 300 kr.

Þessum dómi hefir H. Söbstad skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. ág. f. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum í aðal-

sök og gagnsök verði að öllu leyti teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En kröfur hans fyrir undirréttinum voru þær, að verða algerlega sýknaður í aðalsökinni nema um 280 kr., og að stefndi yrði í gagnsökinni dæmdur til að greiða sér 50987 kr. 50 aura auk 5% ársvaxta af 20987 kr. 50 au., eða þann hluta af þessari upphæð, sem eigi gengi til skuldajafnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þegar mál þetta var höfðað 1911 voru aðilar útgerðarmenn á Siglufirði. Var það aðallega atvinna áfrýjanda að veiða og kaupa síld til útflutnings, og fekk hann tunnur og salt og fleira, er til þess þurfti hjá stefnda, og hafði svo verið um nokkur undanfarin ár. Auk þess ráku málsaðilar í félagi útgerð flutningaskipa, þannig, að þeir tóku þátt í henni að helmingi hvor, þó svo að stefndi annaðist allan rekstur þeirrar útgerðar fyrir beggja hönd; kemur það fram í málinu, að þeir ráku þannig í félagi útgerð skipanna »Dana« og »Glyg« 1910. Við byrjun þessa árs voru viðskifti aðila slétt, þannig, að hvorugur skuldaði öðrum, og héldu viðskifti þeirra og félagskapur áfram það ár; hafði áfrýjandi þá við árslok tekið út hjá stefnda vörur og annað fyrir 52617 kr. 42 aur. eftir reikningi hans, og hefir áfrýjandi ekki athugað neitt við þá úttektarupphæð. — Hins vegar voru áfrýjanda í reikningnum taldar til tekna þessar upphæðir:



1.	Andvirði fyrir sildarfarm sendan með skipinu »Dana« frá Siglufirði 19.sept. 1910 (kr. 10889,12 + kr. 843,00 =) kr. 11732,12	
2.	Andvirði fyrir sildarfarm sendan með skipinu »Glyg« frá Siglufirði 4. sept. s. á. . . . .	— 9822,62
3.	Helmingur ágóða af útgerð skipanna »Glyg« og »Dana« . . . .	— 6127,82
4.	Andvirði fyrir endurskilaðar tunnur og salt . . . . .	— 10542,50
		Samtals kr. 38225,06

og var þannig úttektin talin 14392 kr. 36 aur. meirl en greiðslan og krafðist stefndi þessarar upphæðar fyrir gestaréttinum hjá áfrýjanda, en með dómnum voru 334 kr. dregnar frá kröfunni, svo að eftir verða 14058 kr. 36 aur., sem stefndi fekk sér dæmdar í gestaréttinum, og því að eins koma til álita í yfirdóminum, með því að stefndi hefir ekki áfrýjað málinu.

Um 2. og 3. framantalda reikningsliði ber aðilum eigi á milli, en þá greinir á um 1. og 4. lið.

Sildarfarminn, sem getur um í 1. reikningslið, sendi áfrýjandi með skipinu »Dana« til útlanda og fól umboðsmanni sínum í Stokkhólmi að selja hann. Voru það 1800 tonn sildar, og seldust þær í tvennu lagi, 1256 tonn og 544 tonn fyrir þá upphæð er reikningurinn greinir, og var andvirðið greitt stefnda. Í málinu hefir komið fram frumrit af farmskirteini skipsins úr þessari ferð og er þar tilgreindur viðtakandi Gerdsjö & Bakkevig, en það er firma

stefnda. Einnig hefir verið framlagt eftirrit af farm-  
skírteininu, en þar er enginn viðtakandi tilgreindur.

Áfrýjandi heldur því nú fram, að farmskírteinið hafi verið gefið út með eyðu fyrir nafni viðtakanda (in blanco), að stefndi, sem fór frá Siglufirði með þessari ferð »Dana«, hafi á leiðinni ritað nafn firma síns sem viðtakanda í það eintak farmbréfsins, sem fram er komið í málinu, að stefndi hafi gert þetta í heimildarleysi, án samþykkis áfrýjanda og að hann fyrir það hafi orðið skuldbundinn að kaupa sildina því verði, er áfrýjandi hafi látið honum hana fara fyrir áður en skipið fór frá Siglufirði, en það hafi verið 14 kr. fyrir hverja tunnu. Áfrýjandi telur því að andvirði sildar þessarar hafi átt að nema 14 × 1800 kr., eða 25200 kr. eða 13467 kr. 88 a. meira en talið er í reikningi stefnda.

Stefndi kannast eigi við, að það hafi komið til tals milli þeirra áfrýjanda, að stefndi keypti »Dana«-sildina af honum. Stefndi neitar því og að hann hafi ritað nafn viðtakanda í farmbréfið, og heldur því fram, að viðtakandi hafi verið þar tilgreindur eins og hið framlagða farmbréf sýnir, en það hafi áfrýjandi afhent sér í því skyni, að hann hefði í hendi sér andvirði farmsins til lúkningar innieign sinni hjá áfrýjanda, enda hafi hann samkvæmt samningum þeirra átt rétt á að fá andvirðið sér greitt, og það hafi áður verið venja, að áfrýjandi fengi honum farmskírteini til tryggingar því, að hann fengi greitt andvirði farmsins, en áfrýjandi hafi í þetta skifti, eins og áður, látið umboðsmann sinn erlendis selja sildina fyrir sinn reikning.



Eftir því hvernig viðskiftum málsaðila samkvæmt framansögðu var háttað, virðist verða að fara í öllu verulegu eftir skýrslu stefnda um þetta málsatriði. Að sögn áfrýjanda sjálfs var það samningur þeirra stefnda, að áfrýjandi fengi borgunarfrest á skuld sinni til stefnda, þangað til sild sú, er aflaðist að sumrinu, væri komin í peninga. Þegar »Dana« fór frá Siglufirði 19. seft., hafði áfrýjandi þegar sent út nokkur þúsund tunnur af sild, en aðeins ráðstafað andvirði farmsins með »Glyg«, 1500 tunna, til stefnda, en þetta andvirði náði aðeins skamt til lúkningar skuld áfrýjanda. Það er því eðlilegt, að stefndi vildi fá og fengi tryggingu fyrir því, að andvirði »Dana« farmsins gengi til hans. Það virðist eigi skifta máli hvort farmbréfið var stýlað til stefnda eða nafn viðtakanda látið ótilgreint, með því að gera verður ráð fyrir, að áfrýjandi hafi fengið honum það í hendur, að vísu hefir áfrýjandi neitað þessu fyrir gestaréttinum, en fyrir yfirdóminum virðist hann ekki halda fast við þá neitun, en þessi afhending farmbréfsins til stefnda verður eigi á annan veg skilin en hún hafi átt að tryggja honum það, að hann fengi andvirði sildarinnar greitt upp í skuld áfrýjanda, og þó að áfrýjandi, að því er hann segir, hafi ætlað að verja einhverju af andvirðinu öðruvísi, getur það engu breytt um þetta eða skert rétt stefnda til að fá alt andvirði greitt upp í skuldina; sama er um þá mótbáru áfrýjanda, að skuldin hafi eigi verið gjaldkræf fyr en um árslok, því að eftir samningi aðila átti hún, eins og fyr segir, að greiðast þegar sildin væri komin í peninga. Sildarfarm þennan seldi um-

boðsmaður áfrýjanda í Stokkhólmi eftir hans ráðstöfun og fyrir hans reikning, og verður eigi séð, að stefndi hafi ráðið neinu um það, hvar og hvenær farmurinn var seldur, eða átt neina sök á því, að eigi fekst hærra verð fyrir hann. Áfrýjandi á því eigi kröfu til þess, að reikningsliður sá, er hér ræðir um, verði hækkaður, og verður sú krafa eigi tekin til greina.

Í annan stað er ágreiningur um verð á tunnum og salti, er ræðir um í 4. lið í reikningi stefnda. Þetta málsatriði er þannig vaxið, að haustið 1910, er síldveiðar voru úti, átti áfrýjandi afgang af síldartunnum og salti, er hann hafði fengið hjá stefnda, og var þetta látið inn í geymsluhús stefnda og geymt þar um veturinn. Voru flestar tunnurnar tómar en salt í sumum. Um vorið 1911, í maímánuði að því er ætla má, vildi áfrýjandi fá tunnurnar og saltið, en umboðsmaður stefnda, sem varðveitti lykla að geymsluhúsinu, synjaði afhendingar, af því hann leit svo á, að stefndi ætti hvorttveggja, tunnur og salt. Þegar stefndi var kominn til Siglufjarðar í júlímánuði, krafðist áfrýjandi aftur að sér væru afhentar tunnurnar, en stefndi neitaði því og bannaði mönnum áfrýjanda, er sendir voru eftir þeim, að taka þær, með því að áfrýjandi hefði skilað þeim aftur og þær væru sín eign. En áfrýjandi mótmælti því þá, að stefndi hefði rétt til að halda tunnunum fyrir honum, en kvaðst þó eigi mundu koma aftur til að sækja þær, en lét stefnda vita, hvað þær kostuðu, og að hann (stefndi) yrði að bera alla ábyrgð af tunnuhaldinu.

Áfrýjandi neitar því eindregið, að hann hafi skil-



að stefnda tunnum þessum, en tjáðist hafa komið þeim fyrir í geymslu hjá stefnda gegn umsömdu geymslugjaldi, og telur hann stefnda hafa verið algerlega óheimilt að halda þeim fyrir sér.

Stefndi taldi áfrýjanda vörur þessar til inngjalda í reikningi sínum með sama verði, sem áfrýjandi hafði keypt þær fyrir af honum, þó svo að hann dró frá verðrýrnun á 700 tunnum, er botn hefði vantað í, 25 aura fyrir hverja, og fyrir rýrnun á salti í 318 tunnum, 50 aura fyrir hverja, og að hann reiknaði 150 tunnum færri skilað en áfrýjandi telur rétt vera.

Það er nú að vísu ósannað, að áfrýjandi hafi afhent tunnurnar í því skyni að skila stefnda þeim aftur eða veita honum neinn haldsrétt á þeim, en ágreiningur um þetta virðist eigi þurfa að koma hér til álita, með því að ætla verður að áfrýjandi, er hann lýsti því yfir við stefnda 25. júlí, sem fyr segir, að hann ætlaði ekki að vitja tunnanna aftur, hafi samþykkt, að stefndi héldi tunnunum gegn því að hann greiddi verð þeirra. Áfrýjandi gjörði eftir það enga gangskör að því að ná tunnunum úr vörslum stefnda, og í þessu máli hefir hann að eins krafist verðs fyrir þær, en ekki að stefndi skilaði þeim aftur.

Um verðið, er talið er í reikningi stefnda á þessum vörum, kemur málsaðilum ekki saman. Ber þar á milli bæði tala tunnanna og verð á þeim. Áfrýjandi telur þær hafa verið 2655 tómar og 330 fyltar salti, en stefndi að eins 2517 tómar og 318 með salti. Með því að eigi er sannað, að stefndi hafi tekið við fleiri tunnum af áfrýjanda haustið 1910

en hann kannast við, verður að fara eftir skýrslu hans um þetta atriði.

Tunnurnar keypti áfrýjandi af stefnda fyrir 3 kr. 50 a. hverja tóma tunnu og fyrir 6 kr. 50 a. hverja saltfylta tunnu, en hann krefst þess að verð þeirra verði ákveðið 4 kr. fyrir tómar tunnur og 7 kr. fyrir saltfyltar, og byggir það á því, að sumarið 1911 hafi verð á tunnum og salti verið venju fremur hátt á Siglufirði, og samkvæmt því sé hæfilegt að reikna verðið eins og hann nú krefst. Stefndi hefir mótmælt þessari kröfu og neitað því að verð á þessum vörum hafi alment verið hærra á Siglufirði 1911 heldur en 1910, og með því áfrýjandi hefir ekki hrundið þessum mótmælum, virðist eiga að taka þau til greina. Hinsvegar hefir stefndi eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að rýrnun hafi orðið á vörum, svo að honum hafi verið heimilt að draga frá verðinu fyrir hana, en þessi frádráttur var, sem fyr segir, á 700 tunnum tómunum 25 a. á hverri og á 318 saltfyltum tunnum 50 a. á hverri, eða alls 334 kr., og lækkar þá framantalin krafa stefnda um þessa upphæð, svo að hún verður 14058 kr. 36 a., eins og hún er ákveðin í dómnum, og ber áfrýjanda að greiða stefnda þá upphæð með vöxtum, eins og þar segir.

Af kröfu áfrýjanda í gagnsökinni telur hann 20957 kr. 50 a. vera gagnkröfu, en 30000 kr. skaðabótakröfu.

Fyrir gagnkröfunni færir hann þá ástæðu, að stefndi hafi með því að halda fyrir honum fyrgreindum tunnum og salti orðið valdur að því, að áfrýj-



anda hafi eigi gagnast 2525 fullpakkaðar tunnur eða 1787 mál af sild, er hann hafi sumt aflað og sumt verið skuldbundinn að kaupa, en orðið að fleygja í sjóinn, vegna þess að hann fekk ekki tunnurnar hjá stefnda, en tunnur og salt hafi þá verið næstum ófáanlegt á Siglufirði, og of seint orðið að fá þær frá útlöndum, enda mjög erfitt fyrir áfrýjanda að fá lán erlendis, af því stefndi hafi verið búinn að spilla svo mjög lánstrausti hans. Þessar 2525 tunnur sildar gerir áfrýjandi ráð fyrir að mundu hafa selst fyrir 8 kr. 30 a. hver, að frádregnum öllum kostnaði, eða alls fyrir 20957 kr. 50 a., sem hann telur að stefndi eigi að greiða sér.

Þó að gert sé ráð fyrir því, sem þó ekki er sannað, að stefnda hafi brostið heimild til að halda fyrir áfrýjanda hinum umprættu tunnum, verður eigi álitíð, að hann með því hafi skapað sér ábyrgð til fjárútláta, slika, sem áfrýjandi heldur fram. Áfrýjanda var þegar um miðjan maí 1911 eða fyr synjað um að fá tunnurnar framseldar, og hann vissi þá, að stefndi hafði hætt öllum viðskiftum við hann og taldi til hárrar skuldar hjá honum; honum mátti því vera ljóst, að stefndi mundi eigi óneyddur sleppa tunnunum, er hann taldi sína eign, og að hann (áfrýjandi) gat eigi reitt sig á að fá þær til afnota, þegar hann þyrfti á að halda, nema hann fengi til þess aðstoð fógeta, en það virðist hann mundu hafa getað með stuttum fyrirvara, ef hann hefði leitað þess. Þá var og nægur tími fyrir áfrýjanda að útvega sér aðrar tunnur í stað hinna. Hann gat þannig varnað því að hann biði nokkurt tjón af haldi stefnda á

tunnunum, en hann lét það farast fyrir, og verður þá að kenna það fyrirhyggjuleysi hans eða getuleysi, ef hann hefir brostið fé, en á því bar stefndi eigi ábyrgð —, að hann gat eigi hagnýtt sér alla þá síld, er hann hafði aflað og keypt. Það er af þegar greindum ástæðum engin heimild til að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina, og er þá eigi þörf á að at-huga önnur mótmæli, er fram hafa komið gegn henni.

Til stuðnings kröfu sinni á hendur stefnda um 30000 kr. skaðabætur hefir áfrýjandi talið það, að stefndi hafi með ólöglegum og ástæðulausum mála-tilbúnaði gegn sér orðið þess valdur, að áfrýjandi glataði lánstrausti og álit og beið atvinnuhnekki, með því að stefndi hafi kært hann fyrir sáttanefnd í Noregi í desembermánuði 1910, og um sama leyti eða litlu síðar beiðst kyrsetningar á eignum hans á Siglufirði, hvorttveggja fyrir skuld, er eigi hafi verið gjaldkræf, og auk þess talin miklu hærri en rétt var. Hafi þessar ráðstafanir stefnda þegar orðið hljóðbærar og raskað lánstrausti hans, atvinnu og fjárhag.

Það sézt nú og af skjölum málsins, að stefndi kærði áfrýjanda til sátta í Noregi út af skuldaskiftum þeirra og að það mál féll niður, af því að varnarþing áfrýjanda áleizt vera á Siglufirði, svo og að stefndi leitaði til málafærzlumanns á Akureyri um að fá kyrsettar eignir áfrýjanda til tryggingar skuld hans við stefnda, en að ekkert var aðgert í því efni, enda sézt eigi að nein krafa í þessa átt hafi komið til fógeta eða hann lagt úrskurð á hana. Þar sem þessar umleitanir stefnda til að ná inniegn sinni hjá áfrýjanda eigi komust lengra en nú var frá skýrt



virðist það eigi geta komið til mála, að þær eigi að varða hann skaðabótum til áfrýjanda, enda hefir áfrýjandi alls eigi sannað, að þær hafi spilt atvinnu hans og lánstrausti eins og hann heldur fram. Þessari skaðabótakröfu áfrýjanda verður því ekki gaumur gefinn, og ber einnig að sýkna stefnda af henni.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og gestarétturinn um aðalefni málsins og felst á málskostnaðar-ákvæði hans, svo og á ákvæði hans um ómerking orðsins »fjárglæframaður«, er stefndi hefir viðhaft um áfrýjanda, ber að staðfesta gestaréttardóminn í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir eftir þessum úrslitum rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 100 kr.

Í sókn sinni fyrir yfirdóminum hefir málafærslumaður áfrýjanda, Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður, farið ýmsum óviðurkvæmilegum ummælum um héraðsdómarann, borið honum á brýn skort á vandvirkni og lagaþekkingu og að hann hafi haft endaskifti á sannleikanum. Verður hann því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er ákveðst 20 kr. og greiðist að helmingi í landssjóð og að helmingi í bæjarsjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi H. Söbstad greiði stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Björn Líndal yfirréttarmálaflutn-

ingsmaður greiði sekt 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Dómnum ber að fullnægja áður liðnar séu 6 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. nóvember 1916.

Nr. 36/1916.

Páll Jónsson

gegn

Árna Tómassyni og settum  
sýslumanni Eiríki Einarssyni.

D ó m u r :

Að áliðnu sumri 1915 lét stjórn Landsbankans í Reykjavík gera fjárnám í  $\frac{1}{2}$  jörðinni Hæringsstöðum í Árnessýslu til lúkningar 1000 kr. veðskuld með vöxtum og kostnaði og síðan auglýsa hálfenduna til nauðungaruppbóðs. Fól bankastjórnin áfrýjanda þessa máls, Páli Jónssyni yfirréttarmálaflutningsmanni að annast þessar gerðir vegna bankans. Þegar síðasta nauðungaruppbóð átti að fara fram á eigninni 7. des. f. á. var stefndi, Árni Tómasson bóndi á Stórahrauni orðinn eigandi hennar, vildi hann stöðva söluna og sneri sér um það fyrst til bankastjórnarinnar, en hún vísaði honum til áfrýjanda, er færri með umboð bankans í því máli. Árni fór þá á fund áfrýjanda, sem kominn var þangað austur til að vera við uppbóðið,